



Ársskýrsla landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum 2008

Efnisyfirlit

1.0 Framkvæmd	1
2.0 Stjórnarnefnd	2
3.0 Samningar um landsaðgang	3
4.0 Þjónusta	6
5.0 Kynningarstarfsemi og fræðsla	7
6.0 Notkun	8

Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland.

Allir sem tengjast í gegnum íslenska netveitu og eru staddir á landinu, hvort sem það eru Íslendingar eða aðrir, hafa aðgang að þeim gagnasöfnum og rafrænu tímaritum sem samningar um áskrift fyrir allt landið gilda um.

Á hvar.is, vef landsaðgangsins eru veittar upplýsingar um gögnin, þar eru listar yfir tímarit í aðgangi og samleit. Auk þess eru upplýsingar um gagnasöfn í opnum aðgangi.

1.0 FRAMKVÆMD

Menntamálaráðuneyti gerði í desember 2006 þjónustusamning við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn um framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Hann kemur í stað eldri samnings um sama efni sem hafði gilt í fjögur ár.

Á fjárlögum ársins 2008 var úthlutað 36 milljónum króna til verkefnisins. Það fé rennur til rekstrar landsaðgangsins og til niðurgreiðslu á samningum við birgja, samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar. Heildarkostnaður við landsaðgang á árinu 2008 var tæpar 136,6 milljónir, þar af 12 milljónir í rekstur en áskriftir kostuðu rúmar 124,5 milljónir.

Sveinn Ólafsson, sem hefur verið umsjónarmaður landsaðgangs síðan í okt. 2003 hvarf til annarra starfa í septembermánuði og eru honum þökkuð störf í þágu landsaðgangsins. Nýr umsjónarmaður, Birgir Björnsson, tók til starfa í lok ágúst mánaðar. Birgir er með BA-próf í bókasafns og upplýsingafræði frá Háskóla Íslands og með uppeldis og kennslufræði til kennsluréttinda frá Kennaraháskóla Íslands. Hann vann síðast í menntasmiðju KHÍ.

Umsjónarmaður landsaðgangs vann meðal annars við umsýslu, kynningu, umsjón með vefnum www.hvar.is og ýmis önnur störf sem tengjast landssamningum. Fjórir aðrir starfsmenn safnsins unnu meðal annars að samningagerð, gerð greiðsluáætlana, innheimtu og fjárumσύslu. Þessi störf samsvara tveimur ársverkum í safninu.

2.0 STJÓRNARNEFND

Samkvæmt þjónustusamningnum hefur landsbókavörður fimm manna stjórnarnefnd sér til ráðgjafar. Hlutverk stjórnarnefndar er að:

- a) Taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um val á rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í landsaðgangi.
- b) Ákveða kostnaðarskiptingu milli notendahópa á hverju ári, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á högum hveðrar stofnunar.
- c) Gera árlega fjárhagsáætlun um innkaup og kostnaðarskiptingu og skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi ár.
- d) Taka þátt í og/eða fylgist með samningagerð við birgja.

Stjórnarnefndin hélt 10 fundi á árinu. Auk þess tóku sumir nefndarmenn þátt í auka-fundum ásamt starfsmönnum Lbs-Hbs s.s. um endurskoðun greiðslulíkans og fjármögnun landssamninga. Stjórnarnefnd er skipuð Önnu Torfadóttur, Guðrúnu Tryggvadóttur, Pálínu Héðinsdóttur, Sigurði Hafsteinsyni og Sólveigu Þorsteinsdóttur. Varamenn eru Andrea Jóhannsdóttir, Guðrún Pálsdóttir og Sveinn Ólafsson sem kom í stað Önnu S. Guðnadóttur. Nefndin starfar eftir erindisbréfi frá 8. júní 2007.

Verkefni stjórnarnefndar

Stjórnin samþykkti endurskoðun á greiðslulíkani og gekk frá greiðsluskiptingu tímarita og gagnasafna fyrir árið 2008. Í upphafi árs var ákveðið að taka viðbætur við tímaritapakka Blackwell og Springer fyrir árið 2008. Tilboði Karger um viðbætur fyrir árið 2009 var hafnað. Samningur um ProQuest5000 rann út í lok ársins. Í kjölfar efnahagsþrenginga haustið 2008 ákvað PQ að halda aðgangi opnum fram á mitt ár 2009 án endurgjalds, en semja þarf um aðganginn áður en sá tími er liðinn.

Meðal annarra verkefna stjórnar Landsaðgangs má nefna eftirlit með innheimtu og notkun, viðræður við menntamálaráðuneytið um fjármögnun landsaðgangs, aðkomu að verkefni Landskerfis bókasafna um samþætta leitarvél fyrir allt landið, samanburð á tímaritum í EbscoHost og ProQuest og breytingar á tímaritalistum birgja. Stjórninni var kynnt frumvarp til laga um Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Þá var staða landsaðgangs í ljósi breytinga á efnahagsástandi haustið 2008 til umfjöllunar.

3.0 SAMNINGAR UM LANDSAÐGANG

Samningar um landsaðgang á árinu 2008 voru óbreyttir frá fyrra ári:

Gagnasöfn:

- ➔ [Britannica Online](#)
- ➔ [Gagnasafn Morgunblaðsins -með 3ja ára birtingartöf](#)
- ➔ [Grove Art](#)
- ➔ [Grove Music](#)
- ➔ [Web of Science](#)

Britannica og Grove-söfnin eru söfn greina sem að grunni til eru úr eldri prentuðum alfræðiritum. Web of Science er tilvísanasafn, sýnir útdrátt og bókræðilegar upplýsingar um greinar í vísindatímaritum.

Samsöfn eru söfn tímarita og annars rafræns efnis frá mörgum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla 2008:

- ➔ [Ebsco Host](#)
 - ➔ [Academic Search Premier](#) (8.274 titlar, þar af 4.512 í fullum texta)
 - ➔ [Business Source Premier](#) (3.301 titlar, þar af 2.335 í fullum texta)
 - ➔ [MasterFile Premier](#) (2.639 titlar, þar af 1.751 í fullum texta)
 - ➔ [Regional Business News](#) (108 titlar, þar af 51 í fullum texta)
- ➔ [ProQuest 5000 International](#) (5.988 titlar, þar af 3.580 í fullum texta)

Ebsco og ProQuest gera samninga við útgefendur af öllu tagi og safna saman þessum aðgangsréttindum í stóra pakka. Aðgangur að um 10% titlanna er með birtingartöf þar sem ekki er hægt að skoða nýjustu greinar hverju sinni. Birtingartöfin er frá einum mánuði upp í eitt ár.

Tímaritasöfn eru frá einstökum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla í desember 2008:

- ➔ [Blackwell Synergy](#) (771 titlar)
- ➔ [Elsevier ScienceDirect](#) (1.958 titlar)
- ➔ [Karger Online](#) (87 titlar)
- ➔ [Sage Premier](#) (483 titlar)
- ➔ [SpringerLink](#) (1.337 titlar)

Aðgangur að ritum þessara útgefenda nær til nærri allra rita sem þau gefa út sjálf og til margra rita frá öðrum útgefendum sem þau hafa tekið með í aðgangspakka.

Kostnaður við áskriftir var 124,5 millj. kr. á árinu, tæpar 26,9 millj. kr. fyrir gagnasöfn og tæpar 97,7 millj. kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til niðurgreiðslu gagna var tæpar 25,7 millj. kr. Nokkur hækkun varð m.a. vegna árlegra samningsbundinna hækkana

vegna nýrra árganga og einnig vegna óhagstæðara gengis. Greiðendur landsaðgangs voru ríflega 200 talsins. Stærstu greiðendur eru háskóla-, heilbrigðis- og rannsóknabókasöfn. Þau greiða stærsta hluta tímaritasafna (Blackwell, ScienceDirect, Karger, Sage, Springer-Link), aðgang að Web of Science og stóran hluta samsafna. Almenningsbókasöfn, framhaldsskólasöfn, stjórnsýslusöfn, fyrirtæki og samtök greiða hluta aðgangs að samsöfnum (EbscoHost og ProQuest5000), aðgang að gagnasöfnum (Britannica, Grove-söfnin og gagnasafni Morgunblaðs) ásamt með háskólabókasöfnum.

Í landsaðgangi voru ríflega 14.000 tímarit í fullum texta og um 6.000 með útdráttum greina. Talsverð skörun er á titlum í Ebsco Host, ProQuest og öðrum söfnum.

Kostuð gagna- og greinasöfn

Fyrir utan hinn eiginlega landsaðgang er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað við landsaðgang (sjá bls. 3) og það sama á við um tölur um notkun (sjá kafla 6).

Kostuð gagna- og greinasöfn:

➔ [ASCE tímarit og EiVillage með Compendex](#)

➔ [OVID](#)

Aðilar sem kosta aðganginn:

Verkfræðideild HÍ, Háskólinn í Reykjavík, Íslenskir aðalverktakar, Landsvirkjun, Línuhönnun, Orkuveita Reykjavíkur, VSÓ ráðgjöf, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen.

Landspítali - Háskólasjúkrahús, Landlæknir, HA og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Samningur við ASME var ekki endurnýjaður í lok árs 2007 vegna líttillar notkunar og féll aðgangur að þessu efni því niður í upphafi ársins.

Opinn aðgangur

Á vef landsaðgangsins eru krækjur á mörg íslensk og erlend gagnasöfn sem eru í ókeypis eða opnum aðgangi.

Staða samninga

Samningar við Morgunblaðið framlengjast um ár í senn. Samningur um ProQuest5000 gildi til loka árs 2008. Um haustið var haft samband við fulltrúa ProQuest vegna endurnýjunar, en vegna efnahagsástandsins og falls íslensku krónunnar var samningum frestað en fyrirtækið veitti aðgang að safninu fram á mitt ár 2009 án þess að greiðsla komi til á tímabilinu. Teknar verða upp viðræður um samninga er líður á árið. Samningar við Blackwell, Britannica, Elsevier, Karger, Oxford University Press (vegna Grove Art og Grove Music) Springer og Thomson (vegna Web of Science) gilda til ársloka 2009.

Sérstakar aðgerðir haustið 2008

Eftir að efnahagsástandið breyttist til hins verra í lok september höfðu starfsmenn Lbs-Hbs og stjórnarnefnd Landsaðgangsins verulegar áhyggjur af þróun mála. Reynt var að tala máli verkefnisins víða og skoða hvaða möguleikar væru í stöðunni.

1. Rætt var við menntamálaráðuneytið – alvarleiki málsins dreginn fram og leitað eftir stuðningi. Farið yfir hvernig gengi krónunnar hefur áhrif á verð þeirra gagna sem eru í Landsaðgangi. Rætt um mögulegar lausnir og að verkefnið sé meðal mikilvægustu innviða eða stöða rannsóknarsamfélagsins.
2. Rætt var um hugsanlegan niðurskurð á því efni sem er í Landsaðgangi. Efni tímaritapakka var borið saman. Niðurskurður er erfiður vegna þess jafnvægis sem náðst hefur meðal þeirra sem greiða fyrir efnið (greiðslulíkan). Þar er um að ræða hlutfall efnis á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, félags- og hugvísinda auk efnis fyrir almenning. Um er að ræða 5 stóra tímaritapakka og 12 gagnasöfn.
3. Hagsmunaaðilar, s.s. háskólar, stofnanir, og vísinda- og tækniráð voru virkjaðir í þeim tilgangi að vinna málinu framgang í fjárlagavinnu og ræða við þingmenn og nefndarfólk í menntamálanefnd og fjárlaganefnd.
4. Haft var beint samband við formann fjárlaganefndar, Gunnar Svavarsson, í gegnum tölvupóst, en ekki fékkst aukafjárveiting á fjárlögum 2009.
5. Vegna fyrirspurna voru bókasöfn og aðrir greiðendur beðnir um að gera ráð fyrir í sínum rekstraráætlunum 2009 að greiða sömu upphæðir til Landsaðgangs og árið 2008, auk 3% viðbót. Margir þessara aðila hafa þegar skorið niður séráskriftir og treysta á Landsaðganginn.
6. Um áramót var hafin vinna við að ræða við útgefendur og birgja í því skyni að kynna fyrir þeim málið og til að semja við þá um afslátt af greiðslum og/eða frestun greiðslna. Áhersla var lögð á að halda Landsaðgangi saman, þannig að verkefnið leysist ekki upp.

4.0 ÞJÓNUSTA

Til að auðvelda utanumhald og aðgengi notenda að efni í landsaðgangi hafa verið í notkun tímaritalistar og samleit (*meta-search engine*) frá fyrirtækinu TDNet. Hægt er að leita að tímaritum eftir titlum þeirra eða eftir efni þeirra.

Landskerfi bókasafna sér um upplýsingakerfið SFX á Íslandi. SFX er krækjakerfi (*link solver*) sem býr til krækju á efni í rafrænum aðgangi. Ef notandi hefur ekki aðgang að efniinu fylgja upplýsingar um hvernig er hægt að nálgast efnið. SFX má einnig nota sem tímaritalista og til að setja fram leitarniðurstöður, til dæmis í samleitarkerfi. Hægt er að leita að tímaritum bæði eftir titlum þeirra og efni þeirra. Umsjónarmaður landsaðgangs tók þátt í vinnu verkefnahóps um notkun SFX á Íslandi (Verkefnahópur SFX eXpress). Haldnir voru fjórir fundir á árinu. Í lok ársins sendi umsjónarmaður tímaritalista til Landskerfis bókasafna sem miðlaði þeim til Ex Libris.

Umsjónarmaður landsaðgangs tók þátt í starfi vinnuhóps um samþætta leitarvél fyrir allt landið en verkefnið er á vegum Landskerfi bókasafna en auk þess taka þátt í því Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Borgarbókasafn Reykjavíkur.

Umsjónarmaður aðstoðað starfsfólk bókasafna og stofnana sem hafa rafrænar séráskriftir utan landsaðgangsins eftir því sem tók eru á. Í lok ársins kom umsjónarmaður að endurnýjun EconLit fyrir Seðlabanka Íslands, Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Lbs-Hbs en Háskólinn á Bifröst endurnýjaði ekki áskrift sína. Þá kom umsjónarmaður einnig að endurnýjun GeoREF gagnasafnsins fyrir Hafrannsóknastofnunarinnar og Orkustofnun en Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóli Íslands endurnýjuðu ekki áskriftir sínar.

Vefurinn hvar.is er aðalþjónustuleið landsaðgangsins og þar er aðgangur að gögnunum. Á vefnum eru veittar upplýsingar um verkefnið, um það efni sem keypt er, um gagnasöfn í opnum aðgangi, heimildaskráningu og önnur mál sem tengjast rafrænum áskriftum. Þar eru upplýsingar um samninga við útgefendur og um notkun á gögnunum, auk fréttu af málum á þessum vettvangi.

Verkefnaáætlun 2009

Á vegum Lbs-Hbs var unnið að gerð verkefnaáætlunar og tók umsjónarmaður þátt í því starfi. Í verkefnaáætlun eru þættir sem falla utan daglegra starfa. Gert er ráð fyrir að unnið verði að eftirfarandi þáttum:

- Endurnýjun á vef landsaðgangs.
- Gerð leiðbeininga fyrir tímarita- og gagnasöfn á formi hljóðglæra og gera aðgengi-legar á vef Landsaðgangs.
- Hugað verði að kynningarmálum Landsaðgangs.
- Útlit tímaritalista TDNet (Tímaritalistar A-Z) hjá Landsaðgangi verði yfirfarið og texti viðmóts íslenskað eftir því sem við á.

5.0 KYNNINGARSTARFSEMI OG FRÆÐSLA

- Bæklingum var dreift til bókasafna eftir beiðnum frá þeim og þegar umsjónarmaður kynnti aðganginn. Alls var dreift 360 bæklingum árið 2008, samanborið við 3.620 bæklinga árið 2007.
- Umsjónarmaður kynnti landsaðganginn og leitir almennt á *Öðruvísi dögum* í Iðnskólanum í Reykjavík, 28. febrúar 2008.
- Umsjónarmaður kynnti landsaðgang og efni á sviði tónlistar á *þingi norrænna tónlistarbókavarda (4th Nordic Music Academy Conference)* sem haldið var í Listháskóla Íslands 18. júní.
- Umsjónarmaður hélt fyrirlestur um landsaðganginn í námskeiðinu *Vinnulagi í bókasafns- og upplýsingafræði* 12. september.
- Umsjónarmaður var með kynningar á Ísafirði 16. september á vegum *Háskólaseturs Vestfjarða*. Kynningar fóru fram í Safnahúsinu og var fyrri kynningin ætluð starfsfólki Háskólaseturs Vestfjarða, starfsfólki Bæjar- og héraðsbókasafns Ísafjarðar en hana sátu einnig bókverðir víða af Vestfjörðum. Síðari kynninguna sóttu fjarnemendur Háskólaseturs Vestfjarða auk nemenda í frumgreinanámi, á meistarástigi og nemenda frá *Rannsókn- og fræðasetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum* í Bolungarvík.
- Umsjónarmaður landsaðgangs var með kynningu 11. október á *Landsfundi Upplýsingar*.

Upplýsingum og fréttum var miðlað til notenda á vefsetri landsaðgangs, hvar.is og á póstlistanum Skrudda um bókasafna- og upplýsingamál. Að auki voru gerðar tilraunir með að senda upplýsingar og fréttir á póstlistann hi-starf@hi.is en hann er á vegum Háskóla Íslands og berst starfsmönnum hans.

Ákveðið var að umsjónarmaður sækti ekki fundi með útgefendum og birgjum á kaupstefnunni *Online Information* sem haldin var í London 2.- 4. desember. Var þetta gert í sparnaðarskyni í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu í kjölfar bankahruns í upphafi októbermánaðar.

Tilraunaaðgangur:

- Thomson Reuters opnaði tilraunaaðgang að leitargáttinni Investigator Portal. Flestir háskólanna, auk Sjúkrahússins á Akureyri fengu aðgang og var hann opinn í október og nóvember.
- Springer opnaði fyrir tilraunaaðgang fyrir allt landið að ríflega 10.000 rafrænum bókum í fullum texta og er aðgangurinn opinn 1. desember 2008 - 1. apríl 2009.

Heimsóknir frá birgjum:

- Fulltrúi frá Oxford University Press (OUP) heimsótti landið 27. og 28. maí og kynnti Grove Art og Grove Music-gagnasöfnin auk annars efnis frá útgefandanum.
- Fulltrúi frá ProQuest var á Íslandi 24. september og hélt kynningu í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

6.0 NOTKUN

Tölur um notkun koma frá útgefendum og gagnasölum. Þeir notast við COUNTER-staðal. Sú breyta sem helst er stuðst við eru greinar sóttar í fullri lengd. Hún gefur til kynna árangur í gagnasöfnum með greinar. Web of Science er tilvísanasafn, geymir upplýsingar um greinar og útdrætti úr þeim, en ekki fullan texta greinanna, heldur vísar í hann. Þar eru taldar leitir sem notendur gera í grunninum.

Notkun safna með greinum í fullri lengd

<i>Gagnasöfn, greinar sóttar í fullri lengd</i>	2008	2007	Breyting
Britannica	78.900	73.555	7,3%
Greinasafn Mbl, greinar eldri en 3ja ára	625.525 ¹⁾	58.000 ²⁾	* ³⁾
Grove Art	7.209 ⁴⁾	14.480	- 49,8%
Grove Music	16.624 ⁵⁾	27.562	- 60,3%
Samtals greinar sóttar í fullri lengd	728.258	173.597	** ⁶⁾

¹⁾ Í upphafi árs 2008 auðvelduðu starfsmenn Morgunblaðsins aðgengi leitarvéla að gagnasafni blaðsins og áskrifendum þess var veitt ókeypis aðgengi að tilteknum fjölda greina úr greinasafni blaðsins. Þessi atriði telja starfsmenn blaðsins hafi stuðlað að aukinni notkun á gagnasafn blaðsins.

²⁾ Tölur sem Mbl. sendi um notkun voru aðeins fyrir tímabilið janúar til apríl 2007. Í maí var stillingum breytt með þeim ófyrirséðu afleiðingum að talning eftir það misfórst. Talan um notkun 2007 er framreiknuð miðuð við notkun áranna áður. Talan er rúnuð af til að undirstrika að um reiknaða tölu er að ræða.

³⁾ Notkun milli ára er ekki samanburðarhæf þar sem talning fór ekki fram með sama hætti.

^{4) 5)} Notkun á Grove Art og Grove Music minnkar á milli ára. Á árinu var viðmóti hjá Grove breytt og hugsanlegt er að sú breyting hafi ekki verið til þess fallinn að auðvelda aðgengi að gögnum safnanna.

⁶⁾ Breytingar á milli ára eru ekki samanburðarhæfur þar sem talning hjá Morgunblaðinu var ekki með sama hætti á milli ára.

<i>Samsöfn, greinar sóttar í fullri lengd</i>	2008	2007	Breyting
Ebsco Host-söfn	72.154	49.361	46,2%
ProQuest 5000	231.058	324.230	-28,7%
Samtals greinar sóttar í fullri lengd	303.212	373.591	-18,8%

Notkun á ProQuest minnkar en eykst hjá EbscoHost. Líklegt er að notkun hafi að einhverju leiti færst frá ProQuest til EbscoHost.

<i>Tímaritasöfn, greinar sóttar í fullri lengd</i>	2008	2007	Breyting
Blackwell Synergy	84.000 ¹⁾	93.770	-10,4%
Elsevier ScienceDirect	309.678 ²⁾	207.593	49,2% ³⁾
Karger Online	6.933	4.769	45,4%
Sage Premier	41.890	31.191	34,3%
SpringerLink	24.360	18.405	32,4%
Samtals greinar sóttar í fullri lengd	466.861	355.728	31,2%

1) Áreiðanleg gögn fengust ekki frá birgja og er því um áætlaða notkun að ræða sem mið tekur af notkun árána 2001-2007.

2) 3) Samkvæmt upplýsingum frá Elsevier var notkun oftalin um 10% -20% á tímabilinu ágúst – desember. Nákvæmar upplýsingar um notkun ScienceDirect fást ekki fyrir en um mitt ár 2009.

Notkun jókst á flestum tímaritasöfnum en upplýsingar frá Blackwell reyndust óáreiðanlegar og því þurfti að áætla notkun ársins.

<i>Samanlagðar greinar sóttar í fullri lengd</i>	2008	2007	Breyting
Öll gagna- og greinasöfn	1.513.448	908.871	* ¹⁾
Öll gagna- og greinasöfn – Morgunblaðið ekki meðtalið	887.923²⁾	851.738	4,2%³⁾

1) Samanlagðar notkunartölur ekki sambærilegar á milli ára þar sem talning á notkun gagnasafns Morgunblaðsins misfórst árið 2007.

2) 3) Samkvæmt upplýsingum frá Elsevier var notkun oftalin um 10% -20% á tímabilinu ágúst – desember. Nákvæmar upplýsingar um notkun ScienceDirect fást ekki fyrir en um mitt ár 2009.

Tilvísanasafn

<i>Tilvísanasafn</i>	Leitir 2008	Leitir 2007	Breyting
Web of Science	154.316	149.077	3,5%

Tilvísanasafnið Web of Science geymir upplýsingar um greinar í vísindatímaritum og útdrætti úr þeim. Notkunartölur sýna fjöldi leita.

Vefsetrið hvar.is

<i>Vefsetrið hvar.is</i>	2008	2007	Breyting
Vikulegir notendur	119.878	99.696	20,2%
Innlit	156.331	159.038	-1,7%
Flettingar	300.836	321.590	-6,5%

Umferð á vefsetur landsaðgangs, hvar.is er mæld af Modernus og eru mælingar gerðar skv. samræmdri íslenskri vefmælingu. Reglur um samræmdar vefmælingar eru birtar á vef Modernus (<http://www.modernus.is/>). Árið 2008 var uppsafnaður fjöldi vikulegra notenda

ríflega 20% fleiri en árið áður, en notandi er mældur aðeins einu sinni í hverri viku eftir IP-tölu. Vikulegum innlitum (fjöldi heimsóknna á hvar.is) fækkaði um 1,7% á árinu. Þá fækkaði flettingum (hver einstök tenging notanda við vef) um 6,5%. Mælingar ársins 2008 gefa til kynna að notendum hvar.is hafi fjölgað og að hinn dæmigerði notandi finni gögn sem hann sækist eftir með markvissari hætti

Yfirlit

Aukning varð á fjölda sóttara greina í fullum texta um 4.2% á árinu 2008 miðað við fyrra ár ef undan eru skildar notkunartölur gagnasafns Morgunblaðsins.

Nokkur aukning eða um 7,3% var á sóttu efni í *Encyclopedia Britannica*. Notkun á *Grove* söfnunum minnkaði töluvert milli ára og er hugsanlegra skýringa m.a. að leita í breytingum í viðmóti í gagnasöfnunum um mitt ár 2008, auk annarra þátta s.s. nýrri séráskrift Listaháskóla Íslands að tónlistarhluta JSTOR og mikillar endurnýjunar í kennarahópi skólans. Notkunartölur gagnasafns Morgunblaðsins áráanna 2007 og 2008 eru ekki samanburðarhæfar m.a. vegna mistaka sem gerðar voru við talningu 2007.

Heildarfjöldi sóttara greina í samsöfn EbscoHost og ProQuest5000 minnkaði að meðaltali um 18,8% milli áráanna 2007 og 2008. Fækkun sóttara greina hjá ProQuest var 28,7%. Aukning um 46,2% var á fjölda sóttara greina hjá EbscoHost. Leiða má að því líkum að einhver hluti notkunar ProQuest hafi færst til EbscoHost.

Því miður reyndust notkunartölur Blakwell ekki áreiðanlegar þar sem talning misfórst á tímabilinu janúar – júní því áætlaði umsjónarmaður notkun ársins 2008 við 84.000 sóttar greinar og tók þar mið af notkun áráanna 2001-2007.

Samkvæmt gögnum frá ScienceDirect jókst fjöldi sóttara greina um 49,2% milli ára. Við nánari athugun hjá Elsevier hefur komið í ljós að á tímabilinu ágúst – desember var notkun oftalin um 10-20%.

Fjöldi sóttara greina hjá Karger voru 45,4% fleiri á árinu 2008 en á fyrra ári.

Þá voru sóttar greinar hjá Sage 34,3% fleiri á árinu 2008 en 2007.

Sömu sögu er að segja um fjölda sóttara greina í fullum texta hjá Springer en fjöldi þeirra jókst um 32,4% á árinu 2008 samanborið við árið 2007.

Samtals jókst fjöldi sóttara greina hjá Blackwell, ScienceDirect, Karger Sage og Springer að meðaltali um 31,2% frá árinu á undan 2007.

Fjöldi leita í Web of Science jókst um 3,5% á árinu 2008 samanborið við 2007.

Það er mikilvægt fyrir Landsaðgang að talning sé rétt framkvæmd hjá útgefendum og söluaðilum svo hægt sé að bera saman notkun á milli ára með áreiðanlegum gögnum.

Vikulegum notendum á vef landsaðgangs, hvar.is fjölgaði um 20,2% á árinu 2008, innlitum fækkaði um 1,7% og flettingum fækkaði um 6,5% samanborið við árið á undan. Þessar tölur gefa til kynna að notendum sem nálgast gögn af vef landsaðgangs hafi fjölgað. Innlitum og flettingum hefur fækkað sem gæti verið vísbending um að hinn dæmigerði notandi finni þau gögn sem hann sækist eftir með markvissari hætti.

Nánari upplýsingar um notkun er að finna á hvar.is, undir krækjunni „[Tölur um notkun](#)” sem er neðst til hægri á forsíðu hvar.is

Mars 2009,

Birgir Björnsson

umsjónarmaður Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.